

Alþingi
Erindi nr. Þ 130/055
komudagur 19.12.2003



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Sauðárkróki 16.12.2003

Málefni:

Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, mál 305.

Erindi Iðnaðarnefndar Alþingis dagsett 26. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar hefur verið mótttekið og tekið fyrir á fundi stjórnar Skagafjarðarveitna ehf þann 2. desember 2003.

Stjórnin þakkar fyrir að fá frumvarp þetta til umsagnar.

Þar sem hitaveituvæðing í dreifbýli er eitt af áhrifamestu byggðarmálum landsins, leggur stjórn Skagafjarðarveitna áherslu á að í 1. gr. frumvarpsins verði ekki miðað við átta ára niðurgreiðslur á rafmagni eða olíu til húshitunar heldur verði frumvarpinu breytt þannig að styrkur til hvernar hitaveitu geti numið að lágmarki tíu ára áætluðum niðurgreiðslum á orkuveitusvæði viðkomandi hitaveitu.

Framkvæmdir við nýjar hitaveitur og stækkanir á gömlum, hafa verið framkvæmdar á undanförunum árum með styrkjum eftir fimm ára reglunni og eru margar veitur nú þegar búnar að teygja sig mun lengra í þessu efni en styrkurinn gefur tilefni til.

Til þess að framhald verði á, er nauðsynlegt að fara með styrkinn að lágmarki, í tíu ár.

Einnig er eindregið lagt til að síðari málsl. 12. gr. í III kafla gildandi laga þar sem segir, "*Frá styrkfjárhæðinni skal dreginn annar beinn eða óbeinn fjárhagslegur stuðningur ríkisins, stofnana þess eða sjóða til viðkomandi hitaveitu eða byggingar hennar*", **verði feld út.**

Í það minnsta verði styrkir frá Jarðhitaleitarátaki á köldum svæðum til jarðhitarannsóknna og borana undanskildir í þessari grein laganna.

Virðingarfyllt
f.h. stjórnar Skagafjarðarveitna ehf

Páll Pálsson
Páll Pálsson veitustjóri